

Gjafir til Heilbrigðisstofnunar Suðurlands 2012



Starfsfólk hjúkrunar Heilsugæslu Selfoss

gáfu peningagjöf til hjúkrunar Heilsugæslustöðvar Selfoss - að upphæð **kr. 490 þúsund**. Um er að ræða ágóða af dagatali fyrir árið 2012 - sem hannað var og unnið í sjálfbodavinnu af starfsmönnum hjúkrunar Heilsugæslu Selfoss.



Starfsmenn Íslenska Gámafélagsins

gáfu peningagjöf til tækjakaupa að upphæð **kr. 100 þúsund** - sem er ágóði af flöskusöfnun starfsmanna við flokkun úrgangs.



Foreldrar Vilhelms Þórs, þau Elísa Björk og Guðmundur Friðmar ásamt systkinum hans

gáfu sjúkraflutningamönnum spjaldtölvur til notkunar í útköllum. **TRS gaf 2 töskur** með innbyggðu lykklaborði fyrir spjaldtölvurnar. Gjöfin var gefin til minningar um Vilhelm Þór - sem lést af slysförum 5 ára gamall. Verðmæti gjafarinnar er samtals **218 þúsund kr.**



Lionsklúbburinn Geysir

gaf Heilsugæslustöðinni í Laugarási hjartastuðtæki - verðmæti gjafarinnar er **kr. 257 þúsund kr.**



Lionsklúbbur Hveragerðis og Lionsklúbburinn Eden

gáfu Heilsugæslustöð Hveragerðis blöðruskanna. Verðmæti gjafarinnar er **1 milljón kr.**



Heilsugæslustöðin í Vík

fékk afhent augnlækningatæki. Tækið var fjármagnað á löngum tíma með söfnun kvenfélaganna á starfssvæði stöðvarinnar, Lionsklúbbnum Suðra og hollvinum stöðvarinnar m.a. með ýmsum uppákomum og sölu. Verðmæti tækisins er rúmlega **4 milljónir kr.**

Samband sunnlenskra kvenna

gaf ljósmæðradeildinni 2 tæki til að nema hjartslátt hjá fóstri „dopplex“ - að verðmæti **kr. 241 þúsund**. Einnig gaf SSK peningagjöf til þess að útbúa sælureit utandyra fyrir heimilisfólk hjúkrunardeildanna - að verðmæti **kr. 925 þúsund kr.**

Heilsugæslustöðin á Kirkjubæjarklaustri

á góða velunnara bæði einstaklinga og félagasamtök „styrktarsamtök“ sem vinna að því að safna fjármunum til tækjakaupa fyrir heilsugæslustöðina á Kirkjubæjarklaustri. Á árinu safnaðist samtals **kr. 830 þúsund kr.**

Verðmæti gjafa ársins eru rúmlega 8 milljónir króna

Heilbrigðisstofnun Suðurlands færir gefendum bestu þakkir fyrir höfðinglegar gjafir og ómetanlegt er fyrir stofnunina að finna þann hlýhug sem gjöfunum fylgir.